# Íbúakynning – Holtavörðuheiðarlína 3

13. janúar – Blönduósi

14.janúar – Laugarbakka






# Dagskrá

- Ákvörðun Landsnets vegna línuleiðar
  - Anna Sigga Lúðvíksdóttir
  - Guðrún Margrét Jónsdóttir
- Samningaferli og bætur
  - Valgerður Freyja Ágústsdóttir
- Umræður

# Upprifjun

- ✓ Valkosta-greining
- ✓ Matsáætlun
- ✓ Kynningar
- ✓ Álit Skipulagsst. um matsáætlun

- › Rannsóknir
- › Umhverfismats-skýrsla
- › Kynningar
- ✓ Álit Skipulags-stofnunar um umhverfismatið

# Upprifjun

- Hér eru þeir umhverfisþættir sem voru metnir í umhverfismatinu og niðurstöður hvers umhverfisþáttar.
  - A3 – Heiðarleið
  - D hlykkur – Byggðaleið




| Umhverfismat | A3 | D hlykkur |
|---|---|---|
| Gróður og vistgerðir | ● (dark orange) | ● (orange) |
| Jarðmyndanir | ● (orange) | ● (orange) |
| Vatnshlot og vatnsvernd | ● (light yellow) | ● (light yellow) |
| Fuglalíf | ● (dark orange) | ● (orange) |
| Vatnalíf | ● (orange) | ● (yellow) |
| Fornminjar | ● (light yellow) | ● (orange) |
| Landslag og ásýnd | ● (dark orange) | ● (dark orange) |
| Óbyggð víðerni | ● (dark red) | ● (light yellow) |
| Ferðaþjónusta og útivist | ● (orange) | ● (orange) |
| Landbúnaður og skógrækt | ● (orange) | ● (dark orange) |
| Hljóðvist og rafsegulsvið | ● (light yellow) | ● (light yellow) |
| Loftslag | ● (orange) | ● (orange) |
| Náttúru- og hverfisvernd | ● (dark orange) | ● (orange) |
| Atvinnuþróun | ● (green) | ● (green) |

# Forsendur ákvörðunartöku

- Afstaða Skipulagsstofnunar í áliti á umhverfismati
- Leyfisveitingar
  - Aðalskipulag
  - Framkvæmdaleyfi
- Umsagnir
- Stefna stjórnvalda
  - Um lagningu raflína
  - Um uppbyggingu flutningkerfis
- Ábatagreiningar
  - Alþjóðleg aðferðafræði

# Samanburður aðalvalkosta

- **Öryggi** – báðar leiðir eru jafnar
- **Hagkvæmni** – Heiðarleið er ódýrari en þó er meiri **óvissa** í kostnaði í þeirri leið (votlendi og námur).
- **Umhverfi og náttúra** – Þegar kemur að umhverfisþáttum þá er heiðarleiðin með neikvæðari heildaráhrif.
- **Samfélag** – Báðar leiðir eru góðar fyrir samfélögin er kemur að afhendingu rafmagns inn á svæðið og atvinnuþróun. Byggðaleiðin getur skapað fleiri tækifæri þar sem línan er nær byggð.
- **Stefnumörkun stjórnvalda** - Heiðarleiðin fellur ekki alfarið undir stefnumörkun stjórnvalda varðandi lagningu raflína í ljósi þess að hún fer yfir mörk miðhálendis.

# Áfangaskipting

- Línan reist fyrst milli Laxárvatns og Blöndu
  - Stefnt á spennusetningu 2029
  - Svo í kjölfarið yrði hún reist frá Laxárvatni að Holtavörðuheiði
- Þannig næst talsverður hluti af ábatanum fyrr
- Laxárvatn og Hnjúkar myndu færast inn fyrir flutningstakmarkanir á byggðalínunni
  - auka þannig möguleika á nýtingu virkjana innan þessara flutningstakmarkana
- Breyting á núverandi tengivirkinu á Laxárvatni um spenni sem tengir nýja 220kV kerfið við núverandi 132kV kerfi.
- Í seinni áfanga yrði línan 220 kV og tengd við Holtavörðuheiði

# Næstu skref

- Hefja samtal við landeigendur
  - Búið að heyra í flestum milli Blöndu og Laxárvatns
- Verkhönnun á aðalvalkosti – næsta sumar
  - Bjóða út útboðshönnun að því loknu
- Breyting á aðalskipulagi sveitarfélaganna

# Línuleiðin og framtíðin




### 3.4.5 Laugarbakki – nýr afhendingarstaður

Framkvæmdin er fólgin í byggingu nýs 132 kV afhendingarstaðar í meginflutningskerfinu sem mun tengjast inn á Laxárvatnslínu 1 við Laugarbakka. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka afhendingargetuna á svæðinu til að koma til móts við framtíðarálagsaukningu. Dreifikerfið í núverandi mynd getur ekki annað þessari þörf svo óhjákvæmilegt er að auka afhendingargetu þess.

**Tilurð og meginmarkmið verkefnis**

Verkefnið er tilkomið vegna beiðnar frá dreifiveitu svæðisins. Forsenda beiðninnar er sú að raforkunotkun á svæðinu nærri Laugarbakka, V-Húnavatnssýslu, nálgast þolmörk afhendingargetu núverandi dreifikerfis. Jafnframt er fyrirséð að álag á svæðinu aukist verulega á næstu árum, sérstaklega vegna orkuskipta í samgöngum. Talið er að álagið rúmlega fjórfaldist á næstu 10-15 árum og að stór hluti þess mun fyrr. Með þessari auknu notkun er einnig viðbúið að töp aukist. Markmið verkefnisins er því að auka afhendingargetu til dreifiveitu svæðisins og þar með gera svæðinu kleift að koma upp innviðum fyrir orkuskipti.

**Breytt umfang**

Í samráði við Rarik var ákveðið að einfalda framlagðan valkost í eins rofa lausn svo stofnkostnaður verkefnis lækkar. Einnig verður áframhaldandi samráð við Rarik um samræmingu í tímalínu verkefnisins.

**Rökstuðningur fyrir aðalvalkost**

# Svæðisbundin tækfæri með áfangaskiptingu

- Aukin afhendingargeta á Laxárvatni, Laugarbakka og Hrútatungu.
- Sóknartækifæri í atvinnuuppbyggingu á svæðinu öllu.

Mynd 6: Launaþróun skipt eftir hlutfallslegu svigrúmi í flutningskerfinu



# Hlutverk núverandi 132kV lína

- Nýja 220kV línan hluti af nýrri kynslóð meginflutningskerfis.
- Eldri línur tryggja afhendingaröryggi á svæðinu og landinu öllu.



# Landeigendur og samningaferli



# Landeigendur - næstu skref

1. Öllum landeigendum boðinn fundur þar sem farið er yfir hvernig framkvæmd HH3 mun snerta viðkomandi jörð.
    - Mörg fordæmi fyrir að hér geti landeigendur haft áhrif á t.d. legu slóða.
    - Erum byrjuð að bjóða landeigendum í fyrri áfanga upp á samtal
2. Kynningarbréf sent á alla landeigendur um samningaviðræður, grundvöll þeirra, bótaþætti og fleira.
    - Afrit á sveitarstjórn
3. Samningsskjöl send á landeiganda, viðræður hefjast.
    - Áfangaskipting, BLA-LAV í forgangi

# Landbætur - lagagrunnur

- Endurgjald fyrir landnot (landbætur) byggir á 21.gr. og 23.gr. raforkulaga og 72.gr. Stjórnarskrár.
- Landeigendur eiga að fá fullar bætur vegna þess beina fjártjóns sem hlýst af kvöð sem lögð er á landið í þágu háspennulínu/jarðstrengs.
- Verið að bæta kvöð – óbein eignarréttindi. Landeigandi ræður landnotkun að teknu tilliti til kvaðar.

# Aðferðafræðin - bótaþættir

- Þróast og mótast hjá matsnefnd eignarnámsbóta undanfarna áratugi. Staðfest af dómstólum.
- Bótaþættir: Háspennulínur: helgunarsvæði, masturstæði, slóðir og mögulegt verðrýrnunarbelti

**Helgunarsvæði raflína** - innan þess má ekki byggja mannvirki. Skógrækt mjög takmörkuð.

- Bætur miða við 2/3 grunnverðs hektara því kvöðin er ekki algjör, þ.e. landeigandi má nýta landið með skilyrðum
- Breidd helgunarsvæðis mismunandi eftir spennustigi. Í BL3 var það 50 m, 25 m frá miðlínu.



# Aðferðafræðin - bótaþættir

- **Masturstæði -** svæði sem fer undir plan og stög masturs
- Bætur miða við fullt grunnverð
- Stærð fer eftir mastragerð – algeng stærð er ca 375 fm eða 0,04 ha



- **Slóðir -** vinnuvegslóðir meðfram háspennulínu, lagðar eftir landslagi.
- Bætur miða við fullt grunnverð
- Breidd vegslóða yfirleitt um 5 metrar



# Aðferðafræðin - bótaþættir

- **Mögulegt verðrýrnunarsvæði –** Sérstakar bætur vegna mögulegrar verðrýrnunar á 400 metra breiðu belti nálægt háspennulínu.
- Bætur miða við 10% grunnverðs
- Miðað við 200 m belti frá miðlínu að frádregnu helgunarsvæði línu
- Getur snert nágrannajörð



# Grunnverð hektara

- Almennt þá skipta landgæði máli, afréttarland/land hátt y.s. almennt metið lægra en t.d. ræktunarland á láglendi.

- Nýlegir þinglýstir kaupsamningar á jörðum nálægt línuleið
- Væntingar um markaðsverð á umræddu svæði á fasteignavefum
- Samhengi við nýleg verkefni Landsnets
- Nýlegir úrskurðir matsnefndar eignarnáms á umræddu svæði, eða svæðum sem talist geta sambærileg, skipta miklu máli
- Á langri línuleið má vænta þess að grunnverð sé ekki það sama alls staðar

Grunnverð ha tekur tillit til þess hluta jarðar sem línan fer um, og endurspeglar því ekki meðal grunnverð ha allrar jarðarinnar með öllum húsakosti, bústofni eða hlunnindum.

# Tilbúið dæmi - 220 kV raflína

| 220 kV háspennul L. 1 km | | Flatarm. (ha) | lengd/magn | Samtals landbætur |
|---|---|---|---|---|
| Helgunarsvæði raflínu samt. | 366.667 | 5,00 | 1.000 m | 1.833.335 |
| Helgunarsv. mastra samt. | 550.000 | 0,150 | 3 stk. | 82.500 |
| Slóðir samt. | 550.000 | 0,72 | 1.200 m | 396.000 |
| Sérstök verðrýrnun 10% | 55.000 | 35,000 | 1.000 m | 1.925.000 |
| | | **Samtals (kr.):** | | **4.236.835** |

- **Forsendur:** línuleið er 1 km
  - Helgunarsvæði línu um 5 hektarar (50 m breitt)
  - Samtals 3 möstur, hvert ca 500 fm = 0,150 ha
  - Vegslóð samtals 1,2 km = 0,72 ha
  - Sérstakt verðrýrnunarsvæði 35 hektarar (400 m – 50 m= 350 m).

- Þá er gert ráð fyrir því að um beitiland/afréttarland sé að ræða innan jarðar .
- Grunnverð ha miðast við 550.000 kr., en tekið er fram að hér er um tilbúna fjárhæð að ræða.

# Jafnræði og endurskoðunarákvæði

- **5.gr. samnings - Forsendur endurskoðunar**

- Enginn skal tapa á því að skrifa snemma undir samning.

- Ef grunnverð ha er endurskoðað, t.d. vegna úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta, þá njóta þess allir landeigendur á línuleið, að því gefnu að um sambærilegt land sé að ræða.

# Leiguleið?

- **Vegna umræðu um leiguleið**
- Greiðsla landbóta í dag byggir á gildandi lagaramma sem og aðferðafræði MNE sem hefur verið staðfest með dómaframkvæmd á umliðnum 30 árum
  - Utan valdsviðs Landsnets
- Leiguleið  brýtur í bága við lögformlegt hlutverk Landsnets eins og því er lýst í raforkulögum
  - Ófær leið í dag
- Leiguleið felur í sér að breyta þurfi lögum.
  - Ákvörðun löggjafans